

9. fundur skólanefndar Hrunamannahrepps

kjörtímabilið 2018-2022 v/Undralands haldinn

30. janúar 2020 kl. 14.00

MÆTT: Elsa Ingjaldsdóttir (H), formaður, Hanna Björk Grétarsdóttir (D og óháðir) og Unnsteinn Eggertsson (H), sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir, leikskólastjóri, Maja Vilstrup, fulltrúi foreldraráðs og Katrín Þorvaldsdóttir, fulltrúi starfsfólks.

FUNDARSTAÐUR: LEIKSKÓLINN UNDRALAND

DAGSKRÁ:

1. Frá leikskólastjóra:
 - a. Skýrsla skólastjóra
 - b. Dvalarsamningur
2. Starfsáætlun Undralands
3. Gátlisti, lagalegir eftirlitsþættir skólanefnda, töluliðir 1 og 9
4. Til upplýsinga/umræðna
 - a. Lykiltölur um leik- og grunnskóla 2018
 - b. Rekstrarkostnaður á heildarsígidli e. stærð leikskóla 2018
 - c. Lokun leikskóla vegna njálgs
 - d. Bréf skólastjórnenda til sveitarstjóra v/mönnum
 - e. Upplýsingar leikskólastjóra til sveitarstjóra v/námsslota starfsfólks
 - f. Áhrif óveðurs á starfsemi leikskólans
5. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi

Formaður setti fund, bauð fundarfólk velkomið og óskaði eftir athugasemdum við útsent fundarboð og dagskrá. Engar athugasemdir voru gerðar og gengið var til dagskrár.

1. Frá leikskólastjóra**a. Skýrsla skólastjóra**

Ýmislegt hefur á daga okkar drifið frá síðustu skýrslu skólastjóra. Í nóvember fóru deildarstjórar á samráðsfund í Þingborg sem Skólaþjónustan stóð fyrir. Mikilvægt er fyrir deildarstjóra í minni leikskólum að geta hist og borið saman bækur og fengið hugmyndir. Ég er sannfærð að svona fundir eru komnir til að vera.

Séra Óskar kíkti til okkar í nokkur skipti í aðdraganda jóla, spjallaði við börnin og svo var sungið saman.

Í byrjun nóvember fengum við miður skemmtilegan gest hingað á leikskólann en það var njálgur. Þrátt fyrir miklar aðgerðir hér innanhúss og tilkynningar sem voru ítrekað sendar á foreldra ætluðum við ekki að losna við þennan ófögnuð. Á endanum var það þrautalendingi, í samráði við Heilsugæsluna í Laugarási, að loka leikskólanum í tvær vikur. Áður en við fórum í jólafrí var allt þvegið og skrúbbað og

Hrunamannahreppur

HBA
IBS
KD
UE
MW

sama var svo gert þegar við mættum aftur til vinnu 2. janúar. Börnin mættu svo 6. janúar og við höfum ekki frétt af njálg síðan og vonum að þessi aðgerð hafi dugað.

Álag á starfsfólk var mikið á haustönn en nú horfir til betri vegar þar sem við höfum fengið starfsmann sem kemur inn á deildir þegar undirbúningur er og er líka þar sem vantar starfsmann ef svo ber við.

Í janúar byrjuðu þrjú börn á Móakoti (yngsta deildin) og einn lettneskur drengur byrjaði á Heiðarkoti. Svo er komin umsókn fyrir ársgamalt barn sem byrjar í mars.

Karladagurinn var á sínum stað í síðustu viku en þá var körlum sérstaklega boðið í heimsókn og að venju var vel mætt á allar deildir. Kerlingadagurinn verður svo í byrjun Góu.

Dagur leikskólans er 6. febrúar og þá höfum við hug á að bjóða til útistundar í skóginum, ef veður leyfir, þar sem við bjóðum upp á kakó og leiki. Við ætlum að auglýsa þetta fyrir alla, ekki bara foreldra leikskólabarna og tengjum þessa stund við Heilsueflingu.

Stýrihópur um Heilsueflandi leikskóla hefur ekki náð að funda en stefnan er sett á að reyna að koma einhverju starfi í gang. Í stýrihópnum eru Heiða Snorradóttir, Anna Marý Karlsdóttir, Ída Bjarnadóttir og Sigurjón Snær Jónsson.

Fjórir starfsmenn eru í fjarnámi. Ingibjörg er í diplómanámi í starfstengdri leiðsögn, Valdís er meistaranámi í sérkennslu og Ragnheiður og Auður Hanna eru í þroskaþjálfanámi.

Það urðu nokkrar breytingar í starfsmannahópnum um áramót. Elma fór í fæðingarorlof og Heiða tók við deildarstjórn á Móakoti af henni. Guðbjörg og Óskar hættu og í stað þessara starfsmanna réði ég Brynju Sólveigu Pálsdóttur, Álfheiði Fanneyju Ásmundardóttur, Valnýju Guðmundsdóttur og Þórmund Smára Hilmarsson. Brynja og Álfheiður eru á Móakoti en þar þurfti að fjölga starfsfólki vegna fjölgunar barna. Valný kom inn á Skógarkot í stað Heiðu og Þórmundur fer á milli deilda eins og þarf.

Eins og áður nýtum við okkur Skólaþjónustuna og eru nokkur börn í athugun og ferli hjá þeim. Einnig höfum við haft milligöngu um að félagsþjónustan tekur þátt í teymisvinnu með okkur vegna nokkurra barna.

b. Dvalarsamningur

Leikskólastjóri fór yfir helstu efnisatriði dvalarsamningsins þá sérstaklega hvað varðar skilgreiningar fyrir forgangshópa. Skólanefnd samþykkir samninginn.

2. Starfsáætlun Undralands

Leikskólastjóri lagði fram starfsáætlun leikskólans fyrir 2019-2020. Skólanefnd samþykkir starfsáætlun Undralands.

Hrunamannahreppur

MBG
KD
JBB
UE
UV

3. Gátlisti, lagalegir eftirlitsþættir skólanefnda, töluliðir 1 og 9

Formaður fór yfir málið. Um er að ræða eftirfarandi spurningar:

- a. Hefur sveitarstjórn útbúið leiðbeiningar fyrir starfsfólk leikskóla með reglum um öryggi barna og slysavarnir í leikskólum? (Rg. 655/2009). **Svar: Já, í gegnum handbók Sambands sveitarfélaga.**
- b. Eru leiðbeiningarnar aðgengilegar almennungi á heimasíðu og/eða kynntar með öðrum hætti? (Rg. 655/2009). **Svar: Nei. Leikskólastjóra falið að setja leiðbeiningarnar inn á vef leikskólans.**
- c. Hefur sveitarstjórn (skólanefnd) haft frumkvæði að gagnvirku samstarfi leik- og grunnskóla? (Gr. 16). **Svar: Já.**

4. Til upplýsinga/umræðna

- a. Lykiltölur um leik- og grunnskóla 2018
- b. Rekstrarkostnaður á heildarsígildi e. stærð leikskóla 2018
- c. Lokun leikskóla vegna njálgs
- d. Bréf skólastjórnenda til sveitarstjóra v/mönnunar
- e. Upplýsingar leikskólastjóra til sveitarstjóra v/námslota starfsfólks
- f. Áhrif óveðurs á starfsemi leikskólans


Formaður fór yfir ofangreinda liði, a. til og með e., sem lagðir voru fram til kynningar og umræðu.

Varðandi f.-lið vill skólanefnd benda á að nauðsynlegt er að leikskólinn geti stólað á að mötuneyti Flúðaskóla sé starfandi þegar leikskólinn er opin. Komi til lokunar mötuneytis, t.d. vegna veðurs, sé sjálfgefið að leikskólinn loki einnig í þeim tilfellum, nema að til komi ráðstafanir af hálfu mötuneytisins þannig að tryggt sé að matur sé til staðar í leikskólanum.

5. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi.

- a) Gátlisti. Spurningar nr. 11 (6 liðir).
- b) Staða loftgæðamála leikskólans.

Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 12. mars kl. 14.30.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.45.


 Wafsa Vilskump
 Katrín Þorvaldsdóttir
 Hanna Björku Grétarsdóttir
 Hrunamannahreppur